

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Helena Stefánsdóttir
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 15.10.2024
Málsnúmer: 202409-0012
MH

Efni: Verklýsing vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, íbúðaruppbygging í Grafarvogi

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 5. september 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um verkefnislýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 í tengslum við áformaða íbúðaruppbyggingu í Grafarvogi.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér verklýsinguna. Í henni kemur fram að í Grafarvogi séu til skoðunar 27 svæði vegna húsnæðisáætlunar Reykjavíkurborgar, þar sem áhersla er lögð á smærri vannýtt svæði. Mögulegir nýir uppbyggingareitir eru í sumum tilvikum þegar skilgreindir sem íbúðarbyggð í aðalskipulagi en í mörgum öðrum tilvikum sem helgunarsvæði umferðargatna, vannýttir jaðrar á öðrum landnotkunarsvæðum eða sem opin svæði og græn án þess að þau gegni ákveðnu hlutverki sem útivistar- eða verndarsvæði. Eitt af markmiðunum sem lögð eru til grundvallar við mótun breytingatillagnanna er að leita tækifæra til að styðja við líffræðilega fjölbreytni og efla græn svæði, innan og utan uppbyggingarsvæða.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi á framfæri:

Svæðin sem eru til skoðunar í Grafarvogi til uppbyggingar íbúðarhúsnæðis eru sem slík ekki innan friðlýstra svæða, svæða á náttúruminjaskrá eða svæða sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum nr. 60/2013, um náttúruvernd. Þó er í grenndinni svæðið *Ellidavogur-Grafarvogur* sem Náttúrufræðistofnun lagði til að yrði sett á B-hluta náttúruminjaskrár vegna mikilvægis fyrir fugla, og vinnur Umhverfisstofnun nú að friðlýsingu hluta þess svæðis, þ.e. Grafarvogs innan Gullinbrúar. Auk þess að vera mikilvægt fuglasvæði eru í Grafarvogi merkar jarðminjar, m.a. setlög sem eru af svipuðum aldri og Fossvogslögin, eða um 10 þúsund ára gömul, og í þeim eru steingerðar skeljar. Víða í Grafarvogi er að finna heillegt holtalandslag og klappir sem setja fallegan svip á hverfið og gefa svæðinu sérstakt gildi. Svæðið *Úlfarsá og Blikastaðakró* er á C-hluta náttúruminjaskrár, sem er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa.

Í verklýsingunni kemur fram að áhersla á uppbyggingarmöguleika sé á smærri vannýttum svæðum, m.a. opnum grænum svæðum án þess að þau gegni ákveðnu hlutverki sem útivistar- eða verndarsvæði, en en ekki er útskýrt hvað er átt við með því. Náttúrufræðistofnun bendir á að græn svæði í þéttbýli eru mikilvæg auðlind fyrir fólk og náttúru af ýmsum ástæðum. Vel skipulögð græn svæði nýtast íbúum til útivistar, hvort sem er fyrir hreyfingu eða slökun, og þannig geta þau aukið lífsgæði, aukið andlega vellíðan, dregið úr streitu og stuðlað að bættri lýðheilsu. En græn svæði eru ekki síður mikilvæg náttúrunnar vegna. Þau skapa búsvæði fyrir

ólíkar tegundir lífvera, þ. á m. plöntur, smádýr og fugla, og þannig stuðla þau að líffræðilegri fjölbreytni. Trjáplöntur og annar gróður fjarlægja mengunarefni úr loftinu með því að taka til sín koltvísýring og framleiða súrefni og þannig skipta þau miklu máli við að auka loftgæði. Því má segja að græn svæði séu ómissandi fyrir jafnvægi á milli borgarþróunar og náttúruverndar. Í grónum hverfum eins og Grafarvogi má þó segja að garðar við íbúðarhúsnæði sjái ákveðnum lífveruhópum fyrir búsvæðum og gegni því hlutverki fyrir líffræðilega fjölbreytni.

Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við þéttingu byggðar í Grafarvogi verði það haft að leiðarljósi að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni og að tengsl borgarbúa við útivistarsvæði verði tryggð. Stofnunin telur auk þess rétt að vernda jarðfræðilegar minjar sem setja fallegan svip á hverfið og gefa svæðinu gildi. Mikilvægt er að þau grænu svæði sem koma til greina fyrir áformaða uppbyggingu séu metin og borin saman með tilliti til þeirra atriða sem hér hafa verið nefnd, enda eru þau fjölbreytt og ólík m.a. hvað varðar verndargildi.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við verklýsinguna en er tilbúin til frekari ráðgjafar ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

